

Fundargerð 163. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., haldinn þann 06. janúar 2021, kl. 12.00, haldin í gegnum fjarfundarbúnaðinn Teams.

Mættir: Steinunn Sigvaldadóttir, stjórnarformaður,
Ísak Ernir Kristinsson stjórnarmaður,
Elín Árnadóttir, stjórnarmaður,
Reynir Sævarsson, stjórnarmaður,
Einar Jón Pálsson, stjórnarmaður,
Pálmi Freyr Randversson, framkvæmdastjóri
Anna Steinunn Jónasdóttir, verkefnastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.
Guðmundur Kristján Jónsson, þróunarstjóri kom inn á fund stjórnar undir lið 2c. Gréta Björg Blængsdóttir, fjármálastjóri kom inn á fund undir síðasta lið, lið 1c, sem tekinn var fyrir síðastur.

1. *Til samþykktar.*

a. *Fundargerð síðasta fundar.*

Borin upp og samþykkt. Undirritun fundargerðar fer fram í gegnum rafrænar undirskriftir.

b. *Mission statement Kadeco.*

Framkvæmdarstjóri kynnti fyrir stjórn hugmyndir að leiðarljósi Kadeco fyrir þróunarverkefni samstarfsaðilanna fjögurra, Ríkisins, Isavia, Reykjanesbæjar og Suðurnesjabæjar, á nærsvæðum Keflavíkurflugvallar. Leiðarljósinn koma í stað hugmynda að Mission statementi sem lagt var fram til kynningar á síðasta stjórnarfundi. Umræður Stjórn þakkaði kynninguna.

c. *Rekstraráætlun Kadeco 2021.*

Framkvæmdastjóri fór yfir rekstraráætlun fyrir árið 2021. Rekstraráætlun lögð fram til samþykktar. Stjórn samþykkti áætlunina.

2. *Til upplýsinga.*

a. *Mánaðarlegar rekstrarupplýsingar.*

Framkvæmdastjóri fór yfir mánaðarlegar rekstrarupplýsingar ásamt rekstraráætlun þróunaráætlunar. Stjórn þakkaði yfirferðina.

b. *Framkvæmdar- og kostnaðaráætlun (hliðaráætlun).*

Framkvæmdastjóri fór yfir framkvæmdar- og kostnaðaráætlun þróunarverkefnis fyrir árið 2021. Stjórn þakkaði yfirferðina.

c. Pre-Market Engagement og PIN

Guðmundur verkefnastjóri kom inn á fund stjórnar og kynnti Pre-market engagement (lýsing á samkeppni) og Pin, prior information notice (gróf upplýsingatilkynning um samkeppni) vegna hönnunarsamkeppni fyrir þróunarsvæðið. Þessi gögn verða send út í lok vikunnar. Stjórn þakkaði kynninguna. Guðmundur vék af fundi.

d. Ásbrú ehf. – Minnkun / skil lóða

Anna Steinunn kynnti fyrir stjórn beiðni Ásbrú ehf. um skoðun á minnkun /skil lóða sem þeir halda á á Ásbrú og er í eigu ríkissjóðs. Alta var fengin til að rýna í tillögur Ásbrúar út frá nýunnu rammaskipulagi fyrir Ásbrú og hvort þessar tillögur samrýmist framtíðaruppbyggingu á svæðinu. Stjórn þakkaði kynninguna og lagði stjórnarformaður til að stjórnarmennirnir Ísak Ernir og Reynir komi að vinnunni f.h. stjórnar með starfsfólki.

e. Fjárhagsáætlun til 2025

Framkvæmdastjóri kynnti fjárhagsáætlun félagsins til 2025. Stjórn þakkaði yfirferðina.

3. Drög til kynningar.

a. Nafnahugmyndir

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn drög að nafnahugmyndum frá Aton. Nokkur nöfn lögð fram til kynningar. Umræður. Lagt til að halda áfram að vinna að málinu og ræða frekar.

4. Önnur mál.

a. Skil á innheimtri lóðarleigu til ríkissjóðs

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn samantekt á stöðu innheimtrar lóðarleigu og skil innheimtaðrar lóðarleigu til ríkissjóðs. Umræður um verkefni Kadeco tengt lóðarumsýslu og útlagðan kostnað og innheimtu til ríkissjóð vegna þess. Stjórn þakkaði upplýsingarnar.

Engin önnur mál voru rædd undir liðnum önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.57.

Undirritunarsíða

Steinunn Sigvaldadóttir

Ísak Ernir Kristinsson

Elín Árnadóttir

Einar Jón Pálsson

Reynir Sævarsson